



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**43. fundur eigendafundar Sorpu bs.
var haldinn í fjarfundi, mánudaginn 4. september 2023
og hófst hann kl. 11:30.**

Fundinn sátu:

Aldís Stefánsdóttir, Árelía Eydís Guðmundsdóttir, Guðfinnur Sigurvinsson, Orri Vignir Hlöðversson, Svana Helen Björnsdóttir, Jón Viggó Gunnarsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Dagur B. Eggertsson, Rósa Guðbjartsdóttir, Þór Sigurgeirsson, Almar Guðmundsson, Regína Ásvaldsdóttir og Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Regína Ásvaldsdóttir, formaður eigendavettvangs, setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlanir byggðasamlaga 2024 - 2307010

Meginforsendur fjárhagsáætlunar Sorpu bs. Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri Sorpu bs. ásamt Sigríði Katrínu Kristbjörnsdóttur kynnir. Umræður.

Gestir

Sigríður Katrín Kristbjörnsdóttir fjármálastjóri Sorpu bs.

Niðurstaða:

Áfram verður unnið að gerð fullmótaðrar tillögu að fjárhagsáætlun byggðasamlagsins fyrir árið 2024 sem verði tekin fyrir á næsta eigendafundi.

2. Eigendasamkomulag vegna Álfsness - 2308006

Fyrirliggjandi eru drög að viðauka við eigendasamkomulag frá 25. október 2013 vegna meðhöndlunar úrgangs í Álfsnesi. Jón Viggó Gunnarsson framkvæmdastjóri Sorpu bs. kynnir. Gerð er tillaga um að drögunum verði vísað til efnislegrar umræðu og afgreiðslu/samþykktar á vettvangi aðildarsveitarfélaganna.

Gestir

Sigríður Katrín Kristbjörnsdóttir fjármálastjóri Sorpu bs.

Niðurstaða:

Skrifstofu SSH er falið að senda fyrirliggjandi drög að viðauka við eigendasamkomulag vegna meðhöndlunar úrgangs í Álfsnesi til efnislegrar umræðu og afgreiðslu/samþykktar á vettvangi aðildarsveitarfélaganna.



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:00.

Skjal sótt af '00000000000' dags: 19.08 2026